LM6136

# Rúðulím

LIQUI MOLY




## LÝSING

Rúðulím er einþátta lím til notkunar við ísetningar bílrúða. Efnið er notað við herbergishita og harðnar af völdum loftraka. Rúðulím hefur farið í gegnum árekstrapróf TÜV. Límið harðnar afar hratt og hefur mikinn stífleika. Aka má farartækjum, þar sem rúður hafa verið límdar með Rúðulími, eftir 90 mínútur (loftpúði ökumannsmegin), eða 3 klst (loftpúðar bæði ökumanns- og farþegamegin), miðað við venjuleg prófunarskilyrði.

## EIGINLEIKAR

- Tryggð sambærileg gæði og frá framleiðanda farartækis
- Eins þáttar efni
- Mikil seigja
- Nær fljótt styrk
- Harðnar af völdum loftraka
- leiðir ekki rafstraum
- notað við herbergishita
- prófað af TÜV

## TÆKNILÝSING

| | |
|---|---|
| Innihaldsefni | Pólýúreþan forfjölliður |
| Litur | Svartur |
| Lykt | Einkennandi |
| Seigja | Dælanlegt úr sprautu (GM001.0) |
| Eðlismassi við 20 °C | 1,2 g/cm$^3$ |
| Þurrefnisinnihald | >98 % (GM042.0) |
| Blossamark | >100 °C |
| Umhverfishiti | 5 - 40 °C |
| Æskilegur efnishiti | 10 - 35 °C |
| Stífleiki | Góður, flýtur ekki |
| Hörðnunartími | 10 mín við 23 °C/50 % raka, með viðloðunarefni |
| Snertiþurrt (GM 006.0) | U.þ.b.. 10 mín við 23 °C/50 % raka |
| Hörðnun í gegn | U.þ.b. 4,5 mm/48 klst við 23 °C/50 % raka |
| Styrkur gagnv. skurðspennu | > 5 Mpa (GM 021.0) |
| Togþol (DIN 53 504) | > 6 Mpa |
| Hámarkslengdaraukning (DIN 53 504) | U.þ.b.. 450 % |
| Formfesta (EN 27 389) | U.þ.b. 99 % |
| Shore A harka (DIN 53 505) | 45-60 |
| Líftími | 18 mánuðir í óopnuðum umbúðum |

Upplýsingar okkar eru byggðar á ítarlegum rannsóknum og teljast því áreiðanlegar, en eru þó ekki lagalega bindandi.

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

LM6136

# Rúðulím

LIQUI MOLY




## NOTKUNARSVIÐ

Líming á fram-, hliðar- og afturrúðum farartækja, (fólksflutningsbíla, þungaflutningstækja, traktora og lyftara, og annarra sérhæfðra farartækja). Líming á einföldum og tvöföldum hliðarrúðum í stærri fólksflutningabíla.

## NOTKUN

1. Hreinsiefni
Allir límfletir verða að vera lausir við óhreinindi, ryk, olíu og fitu. Gler og keramikprent verður að hreinsa með
LIQUIclean eða hreinsiefni og þynni, Vörunr. 6130, og síðan með glerhreinsikvoðu, Vörunr. 1512.
Límflöt á (nýlökkuðu) boddíi þarf einnig að hreinsa á sama hátt. Við mælum einnig með að hreinsa eldri límleifar með LIQUIclean eða hreinsiefni og þynni. Límfletir verða að þorna fullkomlega áður en lím eða glergrunnur eru borin á.

**2. Priming / activation of pre-coated glass panes**

Nauðsynlegt er að nota Viðloðunargrunn þegar líma skal rúður. Hann er fylgir í rúðuviðgerðarsetti sem 10 ml glas. Hristið glasið í a.m.k. 45 sek. fyrir notkun. Viðloðunargrunninn skal bera á allan hreinsaðan límflötinn á gleri, keramikprenti, (ný)lökkuðu yfirborði, eldri límleifum, svo og húðuðu gleri (PUR eða RIM húðun). Berið Viðloðunargrunninn jafnt og sparlega á fletina (votfilmuþykkt ætti að vera um 0,05 mm). Grunnaðir fletir verða að þorna í um 15 mín. áður en glerlímið er borið á.
Hafi eldri límleifar verið skornar af fyrir meira en 6 klst, er formeðferð með Viðloðunargrunni nauðsynleg.

**Aðrar notkunarráðleggingar er að finna í bæklingi sem fylgir vörunni.**

## UMBÚÐASTÆRÐIR

| | | |
|---|---|---|
| Rúðulím | 310 ml hylki | Vörunr. 6136 / 6137 |

Upplýsingar okkar eru byggðar á ítarlegum rannsóknum og teljast því áreiðanlegar, en eru þó ekki lagalega bindandi.

Stilling